

Borgarráð 3. febrúar 2022 Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um skattleysismörk fasteignagjalda MSS22020060

Fasteignagjöld eru 0,18% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis. Gjöldin leggjast á verðmæti eigna án tillits til skuldastöðu eigenda. Fólk sem á 20% í íbúðinni sinni greiðir t.a.m. það sama og þau sem eiga sína íbúð skuldlaust. Fasteignagjöld eru þannig skattur á skuldir hinna skuldugu. Fulltrúi sósíalista spyr: Hversu mikið myndi þurfa að hækka skattprósentu fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði, ef sett yrðu inn skattleysismörk upp á 10 m.kr., 15 m.kr. og 20 m.kr. hreina eign hvers einstaklings? Hvað myndi skattprósentan þurfa að hækka mikið miðað við þessi ólíku mörk, til að tryggja að tekjur borgarinnar yrðu ekki skertar?